


Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

fallorð greinir hjálparsögn	hljóðbreytingar kennimyndir merkingarbreyting	orðflokkar orðhlutar orðtak	rót samhljóða orð samsett umsögn	setning sterk beyging sagna veik beyging sagna
-----------------------------------	---	-----------------------------------	--	--

STAFSETHING



Karlar geta að mörgu leyti verið brjóstumkennanlegir þegar þeir leggja snörur sínar fyrir kvenfólk. Þessi sem festi miða með alls konar skilaboðum á hurðina hjá nágrannakonunni lét hins vegar hugmyndaflugið hlaupa með sig í gönur. Hvernig skyldi sú hugmynd hafa kviknað? Varla ímyndar nokkur sér að stúlkan hafi látið miðana villa sér sýn? Sjálfsgagt hefur hún álitnið manninn dularfullan en hún hefur áreiðanlega ekki orðið ástfangin af honum. (67 orð)

Verkefni a)

- Í orðinu eru sex orðhlutar. Dragðu strik á milli þeirra. Strikaðu undir ræturnar.
brjóst | um | kenn | an | leg | ur
- Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Taktu fram hvað hver orðhluti heitir.
hug | mynd | a | flug | ið
rót + rót + be. + rót + be.
- Hvernig má útskýra rithátt eftirfarandi orða?
sýn sjón (jó – ý)
lýsa ljós (jó – ý)
reyndar raun (au – ey)
- Beygðu sagnirnar líta og grípa í kennimyndum. Taktu fram hvort þær beygjast veikt eða sterkt. Hvað heitir hljóðbreytingin sem kemur fram í sögnunum?
líta – leit – litum – litið, sterk beyging
grípa – greip – gripum – gripið, sterk beyging
hljóðbreytingin heitir: hljóðskipti
- Strikaðu undir sameiginlega rót orðanna.
einkennilegan, kannski, brjóstumkennanlegan
- Orðin leyti og leiti eru samhljóða orð þar sem annað orðið er ritað með ei en hitt með ey. Sýndu tvö mismunandi dæmi um notkun hvors orðs.
leyti Að öllu leyti. Um fimmleytið.
leiti Jólin eru á næsta leiti. Hvassaleiti.
- Finndu dæmi um tvö orð þar sem fyrri hluti orðsins er kven- og önnur tvö þar sem fyrri hluti orðsins er kvenna-. Getur þú búið til reglu?
kvenlegur, kvenkyn
kvennabósi, kvennasamtök
- Finndu í textanum sex nafnorð með greini.
hurðina, konuna, hugmyndaflugið,
manninn, stúlkan, miðana

Illt er að leggja ást við þann sem enga kann á móti.

Finndu fleiri málshætti sem tengjast textanum.

Verkefni b)

1. Útskýrðu merkingu orðtakanna a) *að leggja snörur sínar fyrir e-n*, b) *að taka út yfir allan þjófabálk* og c) *að villa einhverjum sýn*.

- a) að beita brögðum
b) e-ð keyrir úr hófi fram, er yfiringilegt
c) að blekkja einhvern

2. Í stafsetningartextanum getur þú fundið 34 fall-orð. Strikaðu undir þau öll og skrifaðu fyrir ofan hvert þeirra hvaða orðflokki það tilheyrir.

Hve mörg eru lýsingarorðin? fjögur

Hve mörg eru fornöfnin? tólf

3. Skrifaðu eina setningu með sögninni *lesa*.
Skrifaðu síðan aðra setningu með sömu sögn en notaðu eins margar hjálparsagnir og þú getur. Hvaða merkingarbreyting kemur fram?

Ég les margar bækur.
Ég mundi hafa getað lesið margar bækur.

4. Skrifaðu setningu með sögninni *leggja* í 3.p. ft. þt.

Þeir lögðu snemma af stað.

Verkefni c)

1. Skrifaðu setningu sem er samsett á eftirfarandi hátt:

al. + ums. + frl. + fl. + tl. + frl. + ums.


Stundum les ég í bók þegar þú sefur.

2. Finndu fjórar samsettar umsagnir í stafsetningartextanum og skrifaðu þær upp.

geta verið hafa kviknað
hafi látið hefur álitnið

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villuföldi _____ Villur alls _____


Blank writing area with horizontal lines for text entry.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

atviksorð eintala fallbeyging fleirtala	forsetning hjálparsögn hljóðbreyting hv-/kv-framburður	kennimyndir kyn orða lýsingarorð persóna sagna	ri-sögn samsett umsögn sterk beyging sagna töluorð	veik beyging sagna viðskeyti þátíð
--	---	---	---	--

STAFSETNING

Mennirnir tveir í strætisvagninum höfðu greinilega þekkt ágætlega áður fyrr en áttu lítið sameiginlegt lengur, varla að þeir þekktu hvor annan. Þeir gátu ekki einu sinni rifjað upp gamlar minningar. Samræður þeirra voru innihaldslausar og snerust um veðráttu og reykingar. Þegar annar þeirra var að stíga út úr vagninum hvarflaði að þeim að hittast við betra tækifæri en dymnar lokuðust áður en þeir höfðu skipst á heimilisföngum. (67 orð)



Verkefni a)

- Sögnin *snúa* er kölluð *ri-sögn*. Beygðu hana í kennimyndum.
snúa – sneri – snúið
- Skrifaðu sagnirnar í 3.p. et. þt.
snúa sneri *gróa* greri
núa neri *róa* neri
- Finndu tvö dæmi í stafsetningartextanum um orð sem ýmist eru borin fram með *hv-* eða *kv-framburði*.
hvor hvarflaði
- Rifjaðu upp tvö orð sem hafa sama viðskeyti og orðið *veðrátta*.
kunnátta árátta
- Beygðu sögnina *stíga* í kennimyndum. Hvað heitir hljóðbreytingin sem kemur fram?
Hljóðbreytingin heitir: hljóðskipti
stíga – steig – stigum – stigið
- Finndu í stafsetningartextanum tvær sagnir sem beygjast sterkt, aðrar tvær sem beygjast veikt og eina sem hefur blandaða beygingu. Beygðu allar sagnirnar í kennimyndum.
s.b. geta – gat – gátum – getað
s.b. vera – var – vorum – verið
v.b. hafa – hafði – haft
v.b. þekkja – þekkti – þekkt

Verkefni b)

- Útskýrðu merkingu orðsins *kaldhæðnislegur*.
háðskur, hæðnislegur, gráglettinn
- Skrifaðu setningu með lýsingarorðinu *fyndinn* í kvk. ft. ef.
Ég skrifa fyrir hönd fyndinna kvenna. _____
- Í stafsetningartextanum er eitt töluorð. Finndu það og fallbeygðu í kvenkyni og karlkyni.
nf. þf. þgf. ef.
kvk. tvær tvær tveimur tveggja
kk. tveir tvo tveimur tveggja

Verkefni b)

1. Útskýrðu merkingu orðtakanna a) *að standa stuggur af e-u*, b) *seilast langt yfir skammt* og c) *fara offari*.

a) óttast eitthvað – stuggur merkir geigur

b) leita langa leið að því sem er nálægt

c) fara of geyst

2. Skrifaðu setningu þar sem lýsingarorðið *gamall* kemur fyrir í hk. ft. ef.

Ég er aðdáandi gamalla húsa.

3. Finndu tvö lýsingarorð í textanum og stigbreyttu í kvenkyni eintölu. Taktu fram hvort breytingin er regluleg eða óregluleg.

frst. löng fjölbreytt

mst. lengri fjölbreyttari

est. lengst fjölbreyttust

Beygingin er regluleg.

4. Finndu í stafsetningartextanum eitt sérnafn og skrifaðu það upp í et. nf.

Vesturlandabúi

Verkefni c)

1. Skrifaðu setningu sem er samsett á eftirfarandi hátt:

ums. + frl. + fl. + tl. + ums. + fl. + fl.

Först þú til konunnar eða beiðstu

hjá frænkunum í dag?

2. Stafsetningartextinn samanstendur af fimm málsgreinum. Á hvaða setningarhluta hefst hver þeirra?

frumlag, frumlag, frumlag, einkunn

frumlag

Vandratað er meðalhófið.

Tengdu málsháttinn við innihald textans.

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____


Blank writing area for the student to write the text after reading.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

áhrifssögn andlag atviksliður aukafall	einkunn fall * fallorð forsetningarliður	frumlag gildishlaðið orð hljóðskiptaröð hlutlaust orð	kennimyndir nafnháttur orðasamband orðhlutar	sagnfylling samtenging setning umsögn
---	---	--	---	--

STAFSETNING

Konan ákvað að svara lítilsvirðingu ungu stúlkunnar á viðeigandi hátt. Hún gekk rakleitt inn í verslunina og keypti perlufestina. Stúlkutetrið var á bak og burt þegar hún kom út aftur. Heima beið lítið annað en eymdin. Eyðslusemin vakti því skiljanlega litla hrifningu fósturdótturinnar sem í gremju sinni þreif í festina og sleit hana. Gamla konan staulaðist vonsvikin inn í herbergið sitt og hnipraði sig saman á rúminu. (67 orð)



Verkefni a)

1. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Myndaðu sögn af hvorri rót.

r a k | l e i t t

rekja leiða

2. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra.

h e r | b e r g | i

3. Finndu í stafsetningartextanum þrjár sagnir sem hafa hljóðskiptaröðina *í – ei – i*. Skrifaðu þær upp í nafnhætti og beygðu síðan í kennimyndum.

bíða – beið – biðum – beðið

þrífa – þreif – þrifum – þrifið

slíta – sleit – slitum – slitið

4. Skiptu orðunum í orðhluta og strikaðu undir ræturnar. Finndu nokkur orð sem hafa sömu rætur og taktu fram hvaða orðflokki þau tilheyra.

e y ð | s l | u | s e m | i *h r ú g | a*

auður (no./lo.) hrúgald (no.)

eyða (so.) fatahrúga (no.)

eyðing (no.) hrýgja (no./so.)

5. Orðið *hrifning* er leitt af sögninni *hrífa*. Útskýrðu hvernig.

Orðið er leitt af þriðju (eða fjórðu)

kennimynd sagnarinnar.

hrífa – hreif – hrifum – hrifið

Verkefni b)

1. Orðið *stúlkutetur* er gildishlaðið orð. Finndu tvö önnur orð sömu merkingar sem eru hlutlaus.

T.d. stúlka stelpa

2. Útskýrðu merkingu orðsins *vonsvikinn*.

vera svikinn um von, verða fyrir vonbrigðum

3. Útskýrðu merkingu orðasambandsins að vera á bak og burt.

vera farinn, vera horfinn, vísar til þess

að fara á bak hesti og ríða burt

Verkefni c)

1. Áhrifssagnir taka með sér *andlag*, þ.e. fallorð í aukafalli. Fallorð sem stendur með áhrifslausri sögn er í nefnifalli og kallast *sagnfylling*. Finndu í stafsetningartextanum tvær áhrifssagnir og eina áhrifslausa.

áhrifssögn

áhrifslaus sögn

svara _____ vera _____

kaupa _____

2. Skrifaðu setningar sem eru samsettar á eftirfarandi hátt:

eink. + frl. + ums. + eink. + andl.

Gamla konan keypti dýra _____

perlufesti. _____

eink. + frl. + ums. + al. + sf.

Gamla konan var mjög vonsvikin. _____

3. Finndu í stafsetningartextanum sjö forsetningarliði.

á viðeigandi hátt _____

í verslunina _____

á bak _____

í gremju sinni _____

í festina _____

í herbergið _____

á rúminu _____

4. Finndu í stafsetningartextanum níu atviksliði.

rakleitt _____ inn _____ burt _____

út _____ aftur _____ heima _____


skiljanlega _____ inn _____ saman _____

Betri er seyrulaus fátækt en illa fenginn auður.

Tengdu málsháttinn við innihald textans.

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____

Blank writing area with horizontal lines for text entry.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

atviksorð aukafall einkunn fall orða	forsetningarliður frumlag frumlagsigildi hljóðbreyting	kennimyndir margræð orð orðflokkar orðhlutar	rót samhljóma orð sterk beyging sagna um j í orðum	veik beyging sagna
---	---	---	---	--------------------



STAFSETNING

Um morguninn gekk smalamaður Helga um skóginn og næsta nágrenni og athugaði hvað sæist til tíðinda. Helga hafði dreymt illa og var áhyggjufullur og kvíðinn. Þegar smalamaðurinn kom aftur sagðist hann hafa séð menn skammt frá selinu í þyrpingu á hestum sínum. Hann lýsti þessum mönnum síðan nákvæmlega. Eftirminnlegust er lýsingin á Bolla Bollasyni, útliti hans og háttþrýði. Hann sat í gylltum söðli og bar rauðan skarlatskyrtil.

(67 orð)

Verkefni a)

1. Finndu þrjú orð sem hafa sömu rót og orðið *grennd*. Taktu fram hvaða orðflokki orðin tilheyra.

orð orðflokkur

nágrenni no.

nágranni no.

grannríki no.

2. Í stafsetningartextanum eru nokkur orð rituð með *y*. Útskýrðu rithátt eftirfarandi orða t.d. með því að tiltaka viðeigandi hljóðbreytingar:

dreymt draumur, au → ey er i-hljóðvarp

áhyggjufullur fylla, u → y er i-hljóðvarp

þyrping þorp, o → y er i-hljóðvarp

háttþrýði prúður, ú → ý er i-hljóðvarp

3. Skiptu lýsingarorðinu í orðhluta. Myndaðu með hljóðbreytingu eða án hennar ný orð af báðum rótum orðsins.

á | h y g g | j | u | f u l l | u r

hyggja, hugga . . . fylla, fullur . . .

4. Til eru samhljóma orð með mismunandi rit-hætti eftir því hver merking þeirra er. Dæmi um slík orð eru t.d. *kirtill* – *kyrtill*, *list* – *lyst*. Rifjaðu upp nokkur dæmi um orð af þessu tagi.

orð með *y*

orð með *i*

kyrkja kirkja

leyti leiti

sýki síki

týna tína

þýða þíða

Verkefni b)

1. Orð sem geta haft tvær eða fleiri mismunandi merkingar eru kölluð margræð orð. Skrifðu setningar þar sem orðið *bolli* hefur þrens konar mismunandi merkingu eftir samhenginu.

Hann rétti mér einn kaffibolla.

Þessi bolli í túninu er öllum til ama.

Hún hefur fallegan bolla í annarri kinninni.

2. Hvert er fall undirstrikuðu orðanna?

Helga hafði dreymt illa. þolfall

Hann lýsti þessum mönnum. þágufall

Lýsingin á Bolla Bollasyni. þágufall

3. Hvað eru sagnir kallaðar sem taka með sér fall-orð í aukafalli?

áhrifssagnir

4. Skoðaðu vel reglurnar um *j*, t.d. á bls. 16 í *Skriffinni*. Getur þú fundið eitt atriði í stafsetningartextanum sem skýra má með vísun í þær?

Í orðinu *sæist* er ekki ritað *j*. Hins vegar er skrifað *j* í orðinu *sæjust*. Regluna má t.d. finna á bls. 16–17 í *Skriffinni*.

5. Finndu í stafsetningartextanum a) þrjár veik-beygðar sagnir og b) þrjár sterkbeygðar. Beygðu þær síðan allar í kennimyndum.

a) hafa – hafði – haft

lýsa – lýsti – lýst

dreyma – dreymdi – dreymt

b) ganga – gekk – gengum – gengið

vera – var – vorum – verið

sitja – sat – sátum – setið

Verkefni c)

1. Finndu í stafsetningartextanum fimm atviksorð.

illa aftur skammt

síðan nákvæmlega

2. Í stafsetningartextanum eru átta forsetningarliðir. Finndu þá og afmarkaðu með hornklofa. Skráðu hjá þér tvo forsetningarliði sem innihalda einkunn.

í gylltum söðli

á hestum sínum

3. Í stafsetningartextanum má finna margar einkunnir. Skráðu hjá þér fimm þeirra ásamt orðunum sem þær standa með.

smalamaður *Helga*, næsta nágrenni,

hestum *sínum*, þessum mönnum,


Bolla *Bollasyni*, útliti *hans*, gylltum söðli

4. Hvað eru mörg frumlög í stafsetningartextanum?

Sjö, ath. að þar af er eitt frumlagsígildi.

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.




Áætlaður villuföldi _____ Villur alls _____

Blank writing area with horizontal lines for copying the text.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

áhrifslaus sögn atviksorð einkunn fall	fallvaldur forsetningarliður frúmlag hljóðbreytingar	kyn lýsingarorð málsgrein merking orða	orðasamband orðhlutar orsakasögn persóna	rót skyldleiki orða tala tíð
---	---	---	---	---------------------------------------

STAFSETNING



Á skömmum tíma hafði Sigrúnu Þorsteinsdóttur fleygt fram í kunnáttu og kvenlegum íþróttum. Svipur hennar var hýrlegur og viðfelldinn. Hún var frið yfirlitum og nokkuð toginleit. Hárið náði niður fyrir kné en sjaldan fléttaði hún það. Hún var fremur hávaxin en fótsmá og handstutt. Á mannafundum var hún yfirleitt á íslenskum búningi. Hversdagslega klæddist hún skósíðu vaðmálsplisi og klæðisupphlut, dökkum með silfurmillum og reimuðum saman yfir barminn. (67 orð)

Verkefni a)

- Skiptu orðunum í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Taktu fram hvað orðhlutarnir heita.
kunn | átt | a í | þrótt | um
rót + vsk. + beygingare. forsk. + rót + beygingare.
- Rifjaðu upp fjögur orð sem hafa sömu rót og orðið kvenleg.
kvenkyn kvenfataverslun
kvensamur kvenfélag
- Skrifaðu setningar með sögnunum *leggja* og *hyggja* 3.p. ft. þt.
Þeir lögðu þetta á minnið.
Þeir hugðu að þetta væri í lagi.
- Í stafsetningartextanum eru nokkur orð rituð með *y*, *ý* eða *ey*. Finndu þau öll og reyndu að útskýra ritháttinn. Notaðu t.d. *Orðsifjabókina* ef þú ert í vafa um skyldleika einhvers orðsins.
fleygt: myndað með hljóðbr. af 2. km.
sagnarinnar fljúga, hýrlegur: skylt orðinu
hjú, yfirleitt: skylt orðinu ofar.
- Finndu orð sem myndað er með hljóðbreytingu af rót orðanna *kunnátta* og *viðfelldin*. Taktu fram hvaða orðflokki þau tilheyra.
orð orðfl. orð orðfl.
kynna so. falla so.
kynning no. felling no.

Verkefni b)

- Veldu þér tvö lýsingarorð úr stafsetningartextanum og skrifaðu setningu þar sem þau koma fyrir í kk. et. þf.
Við sátum hér í skamman tíma.
Hún setti upp hýrlegan svip.
- Hvað merkir orðasambandið *e-u fleygir fram*?
Eitthvað gengur mjög vel.
- Útskýrðu hvernig orsakasögnin *fleygja* er dregin af sögninni *fljúga*.
fljúga – flaug – flugum – flogið
Myndast af 2. kennimynd sagnarinnar með i-hljóðvarpi.
- Útskýrðu merkingu orðsins *toginleitur*.
langleitur, með langt andlit




Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

andheiti andlag atviksliður atviksorð einkunn	fall fornafn forsetningarliður frumlag greinir	kenniföll lýsingarorð málgrein núþálegar sagnir orðflokkar	orðhlutar rót sterk beyging no. tala tengiliður	umsögn veik beyging no.
---	--	--	---	----------------------------

STAFSETNING

Ef marka má auglýsingar þarf enginn kvenmaður að hafa áhyggjur af slöppum brjóstum framar. Ýmsar rannsóknarstofur sérhæfa sig nefnilega í að framleiða krem sem eru þeim eiginleikum gædd að halda brjóstum stinnum alla ævina. Sambærileg krem virðast enn ekki vera framleidd fyrir karlmenn. Kannski þyrfti fyrst að breyta ímynd karlmenskunnar t.d. með því að hvetja konur til að útiloka karla um leið og þeir taka að eldast!

(67 orð)



Verkefni a)

1. Útskýrðu rithátt orðanna.

auglýsingar ljós → lýsi (kallast i-hljóðvarp)

breyta braut → breyta (kallast i-hljóðvarp)

2. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Taktu fram hvað hver þeirra heitir.

ald|ur|s|skeið

rót + viðsk. + beygingarending + rót

3. Leggðu rithátt orðanna *kvenmaður*, *ævi* og *kannski* vel á minnið. Skráðu hjá þér sex önnur orð sem þú telur vandrituð.

4. Skiptu orðinu í orðhluta. Myndaðu af rótinni þrjú orð.

á|hygg|j|ur

hugur hygginn hugsun

5. Finndu fjögur orð sem hafa sömu rót og orðið *tryggja*. Taktu fram hvaða orðflokkum orðin tilheyra.

orð	orðfl.	orð	orðfl.
<u>trygging</u>	<u>no.</u>	<u>tryggð</u>	<u>no.</u>
<u>trygglyndur</u>	<u>lo.</u>	<u>tryggilega</u>	<u>ao.</u>

6. Í hvaða tölu og falli er undirstrikaði hluti orðanna

a) rannsóknarstofa og b) mánaðamót?

a) et. ef. b) ft. ef.

7. Skrifaðu setningu með orðinu *enginn* í ef. et.

Þetta var til einskis.

8. Skrifaðu setningu með orðinu *ævi* í þgf. et. m.gr.

Eyddu ekki ævinni í vitleysu.

Verkefni b)

1. Finndu í stafsetningartextanum dæmi um tvö nafnorð með veikri beygingu og tvö með sterkri beygingu. Skriðu kenniföll þeirra.

v.b. stofa -u, -ur

v.b. karlmennska -u

s.b. auglýsing -ar, -ar

s.b. brjóst -s, -

2. Finndu fjögur atviksorð í stafsetningartextanum.

framar nefnilega

enn ekki

3. Finndu í stafsetningartextanum sex fornöfn og greindu þau í undirflokk.

enginn (ófn.) ýmsar (ófn.) sig (afn.)

þeim (áfn.) alla (ófn.) þeir (pfn.)

4. Finndu lýsingarorð í stafsetningartextanum sem er andheiti orðsins *slappur*.

stinnur

Verkefni c)

1. Myndaðu málsgrein sem er samsett á eftirfarandi hátt:

*eink. + frl. + ums. + andl. + fl. + tl. + frl. + ums. +
al. + fl.*

Rauðhærði drengurinn borðaði

kökuna hjá okkur en hann drakk

ekki úr glasinu.

2. Núpálegar sagnir eru alls tíu í nútímamáli. Rifjaðu upp hvaða sagnir það eru og finndu dæmi um eina þeirra í textanum.

Í textanum er sögnin þurfa. Aðrar núpá-

legar sagnir eru: eiga, mega, unna, kunna,

muna, munu, skulu, vilja og vita.

Upplestur

Skriðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____


Blank writing area with horizontal lines for text entry.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

andlag áhrifssagnir efnisgrein fall fornafn	greinir hættir kenniföll kennimyndir núþálegar sagnir	orðasamband orðhlutar persónur rót samhljóða orð	skammstöfun sterk beyging nafnorða sterk beyging sagna tala tíð	tvöfaldur samhljóði veik beyging nafnorða veik beyging sagna
---	---	--	---	--

STAFSETNING

Vinsældir Heiðars Jónssonar snyrtis valda því að fólk bíður mánuðum saman eftir tíma hjá honum í litgreiningu. Meðal viðskiptavinanna er fólk á öllum aldri. Kvenfólk er enn í meirihluta en sífellt fleiri karlmenn leita eftir aðstoð hans við að velja heppilegan fatastíl. Íbygginn á svip greinir Heiðar frá áhrifum litanna og er bæði myndinn og alúðlegur. Hann segir að appelsínugult sé fitandi en fjólublátt dragi úr matarlystinni. (67 orð)



Verkefni a)

1. Útskýrðu mismunandi rithátt orðanna *bíður* og *býður*.

bíður hljóðskiptasögn (í – ei – i)

býður myndað af sögninni bjóða (jó – ý)

2. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra og taktu fram hvað hver orðhluti heitir. Finndu þrjú orð sem hafa sömu rót.

a | | ú ð | | e g | u r

forskeyti + rót + viðskeyti + beygingare.

andúð, samúð, illúð, úlfúð

3. Hvernig getur þú skýrt tvöfalda samhljóðann í orðinu *sífellt*?

Með því að skoða rót orðsins. Þar kemur

tvöfaldur samhljóði fyrir sbr. orðið *fella*.

4. Skrifðu setningu með orðinu í ef. ft. m.gr.

mánuður Ég hlakka mikið til

júnímánaðarins.

5. Skrifðu setningar með sögnunum í 3.p. ft. þt.

valda Þeir ollu miklum vandræðum.

ala Þær ólust upp á Ísafirði.

vaxa Þau uxu fjótt úr grasi.

Verkefni b)

1. Finndu í stafsetningartextanum a) tvær sagnir sem hafa veika beygingu og b) tvær sem hafa sterka beygingu. Beygðu þær allar í kennimyndum.

a) segja – sagði – sagt

leita – leitaði – leitað

b) valda – olli – ollum – valdið

bíða – beið – biðum – beið

2. Finndu í stafsetningartextanum a) tvö nafnorð sem hafa veika beygingu og b) tvö sem hafa sterka beygingu. Skráðu kenniföll allra orðanna.

a) tími -a, -ar

meirihluti -a, -ar

b) fólk -s

mánuður -aðar, -ir

3. Fyrir hvað stendur skammstöfunin o.s.frv.? Skráðu hjá þér fimm aðrar skammstafanir og útskýrðu fyrir hvað þær standa.

O.s.frv. stendur fyrir og svo framvegis. Í Mál-
finni er að finna lista yfir skammstafanir.

4. Útskýrðu merkingu orðasambandsins.

að vera íbygginn á svipinn? virðast luma

á einhverju eða hyggja á eitthvað

Verkefni c)

1. Finndu þrjár áhrifssagnir í stafsetningartextanum og taktu fram hvert fall andlagsins er.

áhrifssögn

fall andlagsins

bíður (mánuðum)

þágufall

blygðaðist (sín)

eignarfall

velja (fatastíl)

þolfall

2. Breyttu öllum sögnum í stafsetningartextanum sem eru í framsöguhátti í viðtengingarhátt. Hvaða merkingarbreyting kemur fram?

Í stað fullyrðingar kemur vafi, eitthvað
sem er óvíst eða gæti gerst.

3. Sögnin slá er í 3.p. et. vh. þt. (þótt hann) slægi. Skriðu setningar þar sem sagnirnar draga, hlæja, valda og vaxa koma fyrir í 3.p. et. vh. þt.

a) Þótt hann drægi . . .

b) Þótt hann hlægi . . .

c) Þótt hann ylli . . .

d) Þótt hann yxi . . .

Dæmi:

Ég er söngvari – framsöguháttur

Ef væri ég söngvari – viðtengingarháttur

Upplestur

Skriðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villuföldi _____

Villur alls _____


Blank writing area with horizontal lines for text entry.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

atviksliður atviksorð fall fornafn	forsetningarliður hjálparsögn hljóðbreyting hættir	kenniföll kennimyndir málgrein orðflokkar	orðhlutar rót samheiti skyld orð	sterk beyging no. tengiliður veik beyging no.
---	---	--	---	---

STAFSETNING

Undarleg angist greip konuna þegar hún uppgötvaði að handtaskan var alveg horfin. Hún fullyrti að taskan hlyti að vera þarna en hún fannst hvorki í farangursgeymslunni né í hrúgunni í anddyri hótelsins. Þetta voru einkennilegar kringumstæður og hugsanirnar í ójafnvægi. Hún var alveg úrræðalaus og blygðaðist sín fyrir geðshræringuna. Fram að þessu höfðu ferðalögin hennar gengið hrakfallalaust og undir venjulegum kringumstæðum lagði hún eigur sínar aldrei frá sér.



(67 orð)

Verkefni a)

- Rifjaðu upp fjögur orð sem rituð eru með g þótt það heyrst ekki í framburði.
 bogi _____ klígja _____
 plága _____ krógi _____
- Skiptu orðunum í orðhluta með lóðréttu striki og myndaðu tvö orð af hvorri rót.
 a n d | d y r | i h u g | s | a n | i r
 dyrastafur _____ hugur _____
 dyravörður _____ hugsun _____
- Í orðinu eru tvær rætur. Strikaðu undir þær og finndu nokkur orð með sömu rót.
 ú r | r æ ð | a | l a u s
 ráð, leysa, lausn . . . _____
- Myndaðu með hljóðbreytingu tvö ný orð af rót orðsins *fara*. Taktu fram hvað hljóðbreytingin heitir.
 för (a→ö er u-hljóðvarp), ferð (a→e er i-hljóðvarp)
- Hvað innihalda orðin margar rætur?
 hrakfallalaust _____ þrjár _____
 kringumstæðum _____ tvær _____
- Beygðu sagnirnar í kennimyndum og finndu skyld orð.
 grípa – greip – gripum – gripið grip _____
 liggja – lá – lágum – legið útilega _____
 hverfa – hvarf – hurfum – horfið hvarf _____
 ganga – gekk – gengum – gengið göng _____

Verkefni b)

- Finndu í stafsetningartextanum tvö nafnorð sem hafa veika beygingu og önnur tvö sem hafa sterka beygingu.
 veik beyging: kona, taska _____
 sterk beyging: angist, bíll _____
- Gerðu grein fyrir því hvernig orðið *að* kemur fyrir í tveimur mismunandi orðflokkum í stafsetningartextanum.
 a) forsetning: fram að þessu . . . _____
 b) samtenging: að handtaskan var horfin . . . _____

3. Finndu samheiti eftirfarandi orða:

angist sálarkvöl, örvænting

blygðast skammast sín

uppnám ringulreið, æsingur

4. Skrifaðu sagnirnar í boðhætti.

leggja leggðu liggja liggðu

5. Í stafsetningartextanum eru tvær sagnir í lýsingarhætti þátíðar. Skrifaðu þær báðar upp ásamt hjálparsögnunum.

hjálparsögn var lh.þt. horfin

hjálparsögn höfðu lh.þt. gengið

Verkefni c)

1. Í stafsetningartextanum eru átta forsetningarliðir. Finndu þá og skrifaðu upp.

í farangursgeymslunni, fyrir geðshræringuna, í hrúgunni, að þessu, í anddyri hótelsins, undir venjulegum kringumstæðum, í jafnvægi, frá sér

2. Í fyrstu málsgrein stafsetningartextans eru tveir tengiliðir. Finndu þá og skrifaðu upp.

þegar að

3. Í stafsetningartextanum eru fimm atviksliðir. Finndu þá og skrifaðu upp.

þarna alveg fram


hrakfallalaust aldrei

Ekki er ólánið lengi til að vilja.

Tengdu málsháttinn við innihald stafsetningartextans.

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____


Blank writing area with horizontal lines for copying the text.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

andlag	forsetningarliður	kyn	skammstöfun	viðskeyti
atviksliður	frumlag	lýsingarorð	tala	viðtengingarháttur
einkunn	hljóðbreyting	málgrein	tengiliður	
fall	kennimyndir	orðhlutar	tíð	
forliður	kvenkynsnafnorð	rót	umsögn	

STAFSETNING

Um kvöldmatarleytið lagði öldungurinn af stað með stóran pakka í sigggróinni hendinni. Þetta var í fyrsta skipti á ævinni sem hann keypti gjöf handa barni. Hann var fullur tilhlökkunar, gat vel ímyndað sér hve glaður drengstúfurinn yrði. Vonbrigðin urðu því mikil þegar kotroskið afmælisbarnið dró fram gjafirnar sínar, byssur og skriðdreka. Boltinn, sem allan tímann var falinn undir treyju öldungsins, átti bersýnilega ekki heima meðal þessara leikfanga. (67 orð)



Verkefni a)

1. Orðið *tilhlökkun* er kvenkynsnafnorð myndað af sögninni *hlakka* með viðskeytinu *-un* og forliðnum *til-*. Sýndu dæmi um þrjú önnur kvenkynsnafnorð sem mynduð eru með sama viðskeyti.

sagnorð

nafnorð

ritun _____ skoðun _____

vitjun _____ ætlun _____

2. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Taktu fram hvað orðhlutarnir heita.

sigg|gró|in|n

rót _____ + rót _____ + viðsk. _____ + beyg. _____

3. Skiptu orðinu í orðhluta og myndaðu tvö ný af rötinni.

öld|ung|ur

unglingur _____ yngja _____

4. Myndaðu með hljóðbreytingu ný orð eða orðmyndir af rótum orðanna. Taktu fram hvað hljóðbreytingarnar heita.

hlakka tilhlökkun _____ hljóðbr. u-hljóðvarp

sjón sýn _____ hljóðbr. i-hljóðvarp

bregða bragð _____ hljóðbr. i-hljóðvarp

aldur öld _____ hljóðbr. u-hljóðvarp

Verkefni b)

1. Beygðu sagnirnar *draga* og *verða* í kennimyndum. Myndaðu vh. nt. af fyrstu kennimynd og vh. þt. af þriðju kennimynd sagnanna.

draga _____ dró _____ drógum _____ dregið _____

dragi (vh. nt.) _____ drægi (vh. þt.) _____

verða _____ varð _____ urðum _____ orðið _____

verði (vh. nt.) _____ yrði (vh. þt.) _____

2. Skammstafaðu orðin þar á meðal. þ. á m.

3. Finndu sex lýsingarorð í stafsetningartextanum og skrifaðu þau öll í kk. et. þf.

stóran _____ fullan _____ glaðan _____

mikinn _____ sigggróinn _____

4. Skrifaðu sagnirnar *leggja* og *eiga* í a) l.p. et. vh. nt. og b) l.p. ft. vh. þt.

a) leggi – eigi _____

b) leggðum – ættum _____

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

atviksorð blönduð beyging boðháttur fall	germynd hljóðskiptasögn hættir sagna i-hljóðvarp	kennimyndir kyn málgrein miðmynd	núpáleg sögn orðflokkar orðhlutar orsakasögn	rót tala töluorð bolmynd
---	---	---	---	-----------------------------------

STAFSETNING

Þrátt fyrir að fjörutíu og fimm ár séu liðin reynist mér erfitt að gleyma Friddu. Ekki vegna svipbrigða hennar eða útlits heldur vegna þess hve leyndar-
dómsfull hún var. Hún kunni ógrynni af sögum sem ég mátti ekki heyra. Ég minnst sérstaklega sögunnar af manninum í bláa tjaldinu. Hann átti víst að hafa myrt konur. Ég skildi ekki þá hvað hún átti við en ég skil það núna.

(67 orð)



Verkefni a)

- Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Myndaðu þrjú ný orð af rötinni.

ó | g r y n n | i

grunnur grynning grunnfærni
- Hvernig getur þú tengt nafnorðið *útlit* við hljóðskiptasögnina *líta*?

Orðið er dregið af þriðju eða fjórðu
kennimynd sagnarinnar líta.
- Beygðu sögnina *líta* í kennimyndum. Myndaðu orsakasögn af henni og beygðu hana líka í kennimyndum.

líta – leit – litum – litið
leita – leitaði – leitað
- Hægt er að rekja rithátt eftirfarandi orða til i-hljóðvarps. Gerðu grein fyrir því með því að finna orð með sömu rót.

reynast raun ógrynni grunnur
gleyma glaumur myrða morð
leynd laun fylla fullur
- Finndu í stafsetningartextanum tvö kvenkynsnafnorð með veikri beygingu. Skrifaðu þau í nf. et. og ef. ft.

saga sagna
kona kvenna
- Skrifaðu töluna 45 í bókstöfum.

fjörutíu og fimm

Verkefni b)

- Sögnin *kunna* er núpáleg sögn og hefur blandaða beygingu. Rifaðu upp fleiri núpálegar sagnir og beygðu tvær þeirra í kennimyndum.

kunna – kann – kunni – kunnað
vilja – vil – vildi – viljað
þurfa – þarf – þurfti – þurft
- Útskýrðu merkingu orðanna a) *svipbrigði*, b) *ógrynni* og c) *fit*.

a) breytingar á (andlits)svip
b) kynstur, mikið af einhverju
c) mýrlendur bakki

3. Myndaðu málgrein sem er samsett á eftirfarandi hátt:

ófn. + no. + so. + ao. + fs. + pfn. + st. +
ófn. + so. + ao. + ao.

Allir krakkarnir eru hérna hjá okkur

og enginn ætlar strax út.

4. Skrifaðu dagsetninguna *annar júní 2004* á eins marga vegu og þú getur.

Margir möguleikar!

Verkefni c)

1. Greindu hætti allra sagnanna í stafsetningartextanum. Hve margar þeirra eru í viðtengingarhætti?

Sagnir í viðtengingarhætti eru alls: ein

2. Skrifaðu setningar með sögnunum *hafa*, *reyna* og *minna* í boðhætti.

Hafðu ekki hátt.

Reyndu að koma.

Minntu mig á þetta.

3. Finndu fjögur atviksorð í stafsetningartextanum.

ekki, víst, þá, núna

4. Í stafsetningartextanum eru tvær sagnir í miðmynd. Finndu þær og skrifaðu þær í nafnhætti.

reynast minnast

5. Breyttu eftirfarandi setningu úr germynd í þolmynd.

„Hann átti víst að hafa myrt konur.“

Konurnar áttu víst að hafa verið

myrtar (af honum).

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____

Blank writing area with horizontal lines for copying the text.

Í þessu verkefni koma eftirfarandi atriði fyrir:

andlag áhrifssögn eintöluorð fleirtöluorð fornöfn	germynd hljóðbreyting kyn lýsingarorð málsgrein	nafnháttur nafnorð nútiðarstofn orðasamband orðhlutar	orðtak rót sagnorð samheiti setningarhlutar	sterk beyging n.o. veik beyging n.o. viðskeyti viðtengingarháttur bolmynd
---	---	---	---	---

STAFSETNING

Útihátíðir um verslunarmannahelgina hafa löngum vakið upp neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum. Ýmsir álíta þær vettvang fjöllyndis og taumlausrar drykkju og segja að í kjölfarið fylgi kynlífssvall og nauðganir. Fylgismenn þessarar skoðunar telja að ástandið sé ískyggilegt og að gróðafíkn reki þá áfram sem stýra skemmtununum. Sjónarmið annarra er að þessar hátíðir gefi unglíngum tækifæri til að hrista af sér hversdagsleikann og stytta sér stundir á heilbrigðan hátt.

(67 orð)



Verkefni a)

1. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Myndaðu sagnorð af hverri rót.

versl | un | ar | mann | a | helg | ina

versla manna helga

2. Skrifaðu fornöfnin þessi og annar í kvk. þgf. et.

þessari annarri

3. Myndaðu með hljóðbreytingu sagnorð af hvorri rót orðsins *taumlaus*. Taktu fram hvað hljóðbreytingin heitir.

orð hljóðbr. orð hljóðbr.

teyma i-hljóðv. leysa i-hljóðv.

4. Af nútiðarstofni ýmissa sagna má mynda kvenkynsnafnorð með viðskeytinu *-un*. Dæmi: *ætl•a – ætl•un, rit•a – rit•un*. Í stafsetningartextanum eru fjögur nafnorð sem mynduð eru með þessum hætti. Finndu þau öll.

umfjöllun nauðgun

skoðun skemmtun

5. Skiptu orðinu í orðhluta með því að draga lóðrétt strik á milli þeirra. Myndaðu lýsingarorð og nafnorð af rótinni.

i | s k y g g | i | l e g | a

lo. skuggalegur no. skuggi

Verkefni b)

1. Í ýmsum orðtökum kemur orðið *taumur* fyrir, t.d. að gefa *e-m lausan tauminn*. Rifjaðu upp a.m.k. tvö önnur orðtök þar sem orðið kemur fyrir.

að taka í taumana, að vera tregur í

taumi, að draga taum e-s...

2. Finndu samheiti orðanna a) *taumlaus* og b) *skemmtun*.

a) hömlulaus

b) dægrastytting

3. Útskýrðu orðtakið *e-ð kemur í kjölfar e-s*.

Kjölfar er rák sem myndast á sjónum eftir skip.

Það sem kemur í kjölfar e-s kemur á eftir e-u.

4. Hvað merkir orðasambandið *að stytta sér stundir*?

drepa tímann, finna sér e-ð að gera til

að láta tímann líða hraðar

5. Orðið *fjöldi* er eintöluorð. Rifjaðu upp þrjú nafnorð sem eru eintöluorð og önnur þrjú sem eru fleirtöluorð.

et. gleði ánægja fræðsla

ft. jól skilaboð álög

6. Finndu í stafsetningartextanum eitt nafnorð með veikri beygingu og þrjú með sterkri beygingu. Skrifaðu kenniföll allra orðanna.

v.b. drykkju drykkju (ekki til í ft.)

s.b. helgi helgar helgar

s.b. fjölmiðill fjölmiðils fjölmiðlar

s.b. nauðgun nauðgunar nauðganir

Verkefni c)

1. Í stafsetningartextanum eru fjórar sagnir í viðtengingarhætti. Skrifaðu þær allar upp í nafnhætti.

fylgja reka

gefa vera

2. Breyttu setningunni úr germynd í þolmynd.

Fjöldi unglunga snertir hvorki áfengi né tóbak.

Hvorki áfengi né tóbak er snert af

fjölda unglunga.

3. Textinn er samsettur úr fjórum málsgreinum. Á hvaða setningarhluta hefjast þær?

frumlagi

4. Finndu tvær áhrifssagnir í stafsetningartextanum og taktu fram hvaða setningarhluti fylgir þeim.

áhrifssögn


setningarhluti

stýra andlag

gefa andlag

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____

Blank writing area with horizontal lines for transcription.

Í kaflanum er unnið með eftirfarandi atriði:

áhrifssagnir andlag atviksliður aukafall einkunn	eintöluorð fall fallvaldur forsetningarliður frumlag	greinir hættir sagna kennimyndir kenniföll kyn	nafnorð orðasamband orðhlutar persóna skammstöfun	tala tíð umsögn viðskeyti
--	--	--	---	------------------------------------

STAFSETNING

Nýlegar kannanir sýna að reykingar meðal unglinga hafa aukist undanfarin ár. Niðurstöðurnar valda mörgum áhyggjum enda er hin mikla skaðsemi tóbaks sjaldan dregin í efa. Héraðslæknir Reykvíkinga segir að ein orsök þróunarinnar sé vaxandi áfengisneysla en að einhverju leyti megi kenna breyttum tíðaranda um. Áhrif tóbaksvarnarnefndar eru að mati margra geysimikil. Því aðhyllast margir þá skoðun að nauðsynlegt sé að auka enn frekar fræðslu um óhollustu fíkniefna. (67 orð)



Verkefni a)

1. Skrifðu setningar með a) orðinu *hérað* í þgf. ft. m.gr. og b) *þróun* í þgf. m.gr.

a) Þeir eru frá héruðunum . . .

b) Hann sagði mér frá þróuninni . . .

2. Skiptu orðinu í orðhluta. Myndaðu þrjú orð með sama viðskeyti.

u n g | l i n g | u r

vettlingur kettlingur kiðlingur

3. Skrifðu sagnirnar *draga* og *auka* í a) 3.p. et. fh. þt. og b) 3.p. et. vh. þt.

a) dró jók

b) drægi yki

4. Beygðu sögnina *hrífa* í kennimyndum og sýndu af hvaða kennimynd orðið *áhrifaríkur* er myndað.

hrífa hreif hrifum hrifið

Orðið er dregið af 3. kennimynd sagnarinnar.

5. Beygðu sagnirnar a) *drekka* og b) *rjúka* í kennimyndum. Sýndu af hvaða kennimynd nafnorðin *drykkja* og *reykingar* eru myndað.

a) drekka drakk drukkum drukkið

drykkja er myndað af 3. (eða 4.) km.

b) rjúka rauk rukum rokið

reykingar er myndað af 2. km.

Verkefni b)

1. Útskýrðu merkingu orðanna a) *tíðarandi* og b) *andstaða*.

a) ríkjandi siður, b) mótspyrna

2. Útskýrðu merkingu orðasambandsins að *draga e-ð í efa*.

Efast um e-ð, vera ekki viss um e-ð.

3. Orðhlutinn *and* kemur fyrir í báðum orðunum *tíðarandi* og *andstaða*. Er um sams konar orðhluta að ræða í báðum orðunum? Rökstyddu svar þitt.

Í fyrra orðinu er orðhlutinn rót (andi – önd), í seinna orðinu er hann forskeyti.

4. Gerðu nákvæma grein fyrir skýringunum sem fylgja orðinu *læknir*.

læknir, -is, -ar k. karlkynsnafnorð, kenniföll
Þess eru læknis í ef. et. og læknar í nf. ft.

5. Orðið *fræðsla* er eintöluorð. Rifjaðu upp fjögur önnur orð sem aðeins eru til í eintölu.

menntun þreyta
ást hatur

6. Hvernig getur þú skammstafað orðin?

einhverju e-u
einhver e-r
eitthvað e-ð
einvern e-n

7. Skrifaðu kenniföll nafnorðsins *skoðun*.

skoðun, skoðunar, skoðanir

Verkefni c)

1. Þegar fallorð stendur í aukafalli er oftast eitt-hvert orð sem stýrir fallinu, sk. fallvaldur. Forsetningar eru fallvaldar og einnig áhrifssagnir. Nafnorð geta líka verið fallvaldar, t.d. í setningunni: *Hann er sonur kennarans*.
Skrifaðu setningar þar sem fallvaldurinn er:

sagnorð Þú gafst konunni blóm.
forsetning Hér eru falleg blóm í vasa.
nafnorð Þetta eru börn sýslumannsins.

2. Skrifaðu setningu sem er samsett á eftirfarandi hátt:

eink. + frl. + ums. + andl. + fl.

Þessi stelpa keypti blóm í dag.

3. Í stafsetningartextanum er sögnin *auka* fallvaldur og stýrir falli á orðinu *fræðsla*. Sögnin er því áhrifssögn og tekur með sér andlag. Búðu til setningar með sögnunum *sýna*, *draga* og *hækka* þar sem þær koma allar fyrir sem áhrifssagnir. Taktu fram í hvaða falli andlög sagnanna eru.

sýna Við sýndum myndirnar (þf.) okkar.
draga Dragðu mig (þf.) þangað.
hækka Hún hækkaði verðið (þf.).

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____

Blank writing area with horizontal lines for transcription.


Í kaflanum er unnið með eftirfarandi atriði:

atviksorð blönduð beyging fallvaldar kenniföll kennimyndir	kyn nafnorð núþág sögn ópersónuleg sögn orðflokkar	orðhlutar orsakasögn persónuleg sögn rót samheiti	setning setningarhlutar skammstöfun sterk beyging tengiliður	veik beyging
--	--	---	--	--------------

STAFSETNING

Hann gekk þarna með litlu systur sína í útslitinni kerru. Hún reif alltaf af sér húfuna og fleygði í götuna. Honum fannst hún víst leiðinleg en slíkt er áreiðanlega ekki óalgengt með systkini. Feimnislega sneri hann sér að manningnum og bað hann um pening. Hann langaði að hringja í ömmu sína. Hún átti reyndar heima handan götunnar en tilhugsunin um að komast í síma hreif hann greinilega.

(67 orð)



Verkefni a)

1. Skrifðu kenniföll nafnorðsins *bróðir*.

bróðir, bróður, bræður

2. Sögnin *fleygja* er orsakasögn af sögninni *fljúga*. Sýndu hvernig hún er mynduð.

fljúga – flaug – flugum – flogið

↓
fleygja

3. Skiptu orðinu í orðhluta. Myndaðu tvö orð af rót orðsins og taktu fram hvaða orðflokkum þau tilheyra.

á | reið | an | leg | a

a) reiða orðfl. so. b) útreiðar orðfl. no.

4. Beygðu sögnina *snúa* í kennimyndum. Er beyging sagnarinnar veik, sterk eða blönduð?

snúa – sneri – snúið

Beygingin er: blönduð, ri-sögn

5. Skiptu orðinu í orðhluta. Rifjaðu upp tvö orð sem hafa sömu rót. Taktu fram hvaða orðflokkum þau tilheyra.

til | hug | s | un

a) hugur orðfl. no. b) hugsa orðfl. so.

6. Skiptu orðinu í orðhluta. Myndaðu sögn af rót þess og beygðu hana í kennimyndum.

út | slit | in | n

slíta – sleit – slitum – slitið

7. Beygðu sögnina *rífa* í kennimyndum. Myndaðu orsakasögn af annarri kennimynd hennar og nafnorð af þeirri þriðju.

rífa reif rifum rifið

orsakasögn reifa no. rifa

Verkefni b)

1. Finndu nokkur samheiti hvers orðs.

stelpuhnoðri stelpuhnokki, táta

íbygginn dulur, leyndardómsfullur

feginn ánægður, glaður

2. Skammstafaðu orðin *að minnsta kosti*. Rifjaðu upp fjórar aðrar algengar skammstafanir.

a.m.k., o.fl., o.m.fl., t.d., o.s.frv.

3. Skrifaðu setningar þar sem sögnin *skrifa* og nafnorðið *bíll* eru fallvaldar.

skrifa: Ég skrifaði bréf.

bíll: Bíll prestsins er blár.

4. Sögnin *þurfa* er núþáleg sögn. Beygðu hana í kennimyndum. Finndu tvö nafnorð sem hafa sömu rót og sögnin.

þurfa þarf þurfti þurft

nafnorð: þörf þarfaping

5. Finndu tvö veik nafnorð í stafsetningartextanum og tvö sterk. Skrifaðu kenniföll orðanna og kyn þeirra á sama hátt og gert er í orðabókum.

veikt no. kerra -u, -ur KV

veikt no. húfa -u, -ur KV

sterkt no. systir -ur, -ur KV

sterkt no. peningur -s, -ar K

Verkefni c)

1. Í setningunni: „*Hann langaði að hringja í ömmu sína.*“ er ópersónuleg sögn. Útskýrðu mun á persónulegum og ópersónulegum sögnum og sýndu dæmi til að útskýra mál þitt.

Persónulegar sagnir breytast ef breytt er um persónu eða tölu frumlagsins. Það gera ópersónulegar sagnir ekki.

2. Í stafsetningartextanum eru alls tíu setningar. Hve margar þeirra hefjast á tengilið?

Fjöldi setninga sem hefjast á tengilið er: fjórar

3. Finndu níu atviksorð í stafsetningartextanum.


þarna alltaf víst
áreiðanlega ekki feimnislega
reyndar heima greinilega

4. Greindu fyrstu setninguna í stafsetningartextanum í setningarhluta.

frl. us. al. fl. eink. eink.
Hann gekk þarna með litlu systur sína
fl. eink.
í útslitinni kerru.

Upplestur

Skrifaðu stafsetningartextann eftir upplestri.



Áætlaður villufjöldi _____ Villur alls _____

Blank writing area with horizontal lines for text entry.